



Reglur, þjónustuflokkar og forgangar við vetrarþjónustu í Kópavogi:

Þjónustustig

Hálkuveitingu og snjómokstri er stýrt af verkstjóra/eftirlitsmanni á vakt hjá Þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar. Halda skal uppi sama eða svipuðu þjónustustigi og hjá nágrannasveitarfélögum á tímabilinu kl. 03:30 – 22:00. Öryggi umferðar er haft í fyrirrúmi, að flæði umferðar sé eðlilegt og leitast er við að hafa snjó og ís í lágmarki.

Tímasetning og framkvæmd

Hálkuvarnir eru í samráði við lögreglu, Vegagerðina og Strætó b.s. og í samræmi við veðurspár. Nánar er fjallað um tímasetningar í töflum aftast í þessu riti.

Öryggi

Forgangsgötur skal hálkuverja þegar hætta er á að hálka myndist og jafnframt halda aðalleiðum hálkulausum. Þegar vegfirborð fer undir -10°C og/eða þegar söltun kemur ekki að gagni skal sandbera þá staði sem viðsjárverðir eru, s.s. hættulegar brekkur, beygjur o.þ.h. Ef snjór hleðst upp á þann hátt að vegrýn verði skert á gatnamótum eða þar sem hætta gæti stafað af skal moka snjó burt við fyrsta tækifæri.

Samstarf Vegagerðarinnar og Kópavogsbæjar við vöktun og stýringu á vetrarþjónustu í Kópavogi

Vegagerðin og Kópavogsbær hafa tekið höndum saman við stýringu vetrarþjónustu á aðalleiðum og á fjölförnum götum í Kópavogi. Einnig mun Vegagerðin sjá um útköll vegna hreinsunar hjólastíga að nóttu til. Markmið beggja aðila er að nýta þetta samstarf sem hvatningu fyrir önnur sveitarfélög til að taka þátt í sameiginlegri vaktstöð fyrir höfuðborgarsvæðið. Vegagerðin og Kópavogsbær líta á sameiginlega vaktstöð sem leið til að bæta öryggi íbúa og opna fyrir frekari þróun að bættri þjónustu fyrir allt höfuðborgarsvæðið, hvort sem það varðar stýringu vetrarþjónustu eða umferðarstýringu almennt.

Þjónustuflokkar og forgangsléiðir við vetrarþjónustu í Kópavogi

Gæðastaðlar og þjónustuflokkar hjá Vegagerðinni eru samræmdir við kröfur Kópavogsbæjar. Nánar um hvaða götur og á hvaða tímum þjónustuflokkarnir eiga við í Kópavogi er lýst á komandi síðum.

Þjónustuflokkur 1

Snjómokstur byrjar við minna en 2 sm snjódýpt. Á meðan snjókoma stendur yfir má snjódýpt vera mest 5 sm. Mesta spordýpt í þjöppuðu snjófirborði má ekki vera meiri en 1 sm. Markmiðið er að viðnámsstuðullinn sé hærri en 0,25 (hált). Gataskal hálkuvarin hvenær sem hálka kemur upp eða hætta er á að hálka myndist.

Þjónustuflokkur 2

Snjómokstur byrjar við minna en 4 sm snjódýpt. Á meðan snjókoma stendur yfir má snjódýpt vera mest 12 sm. Við venjulegar aðstæður má mesta spordýpt í þjöppuðu snjófirborði ekki vera meiri en 2 sm. Gata skal hálkuvarin þegar flughálka kemur upp eða hætta er á að slík hálka geti myndast. Markmiðið er að viðnámsstuðullinn sé hærri en 0,15 (flughált). Yfir snjóþyngsta tíma vetrarins er gert ráð fyrir að suma daga geti snjó- eða íslag með nægjanlegt viðnám verið á akbraut, en pakkaðan snjó skal þynna og jafna þannig að hjólför séu hættulaus.

Þjónustuflokkur 3

Mokstur byrjar við minna en 6 sm snjódýpt. Á meðan snjókoma stendur yfir má snjódýpt vera mest 16 sm. Við venjulegar aðstæður má mesta spordýpt í þjöppuðu snjófirborði ekki vera meiri en 3 sm. Gataskal hálkuvarin á varasömum stöðum eða við varasamar veðuraðstæður.



Þjónustuflokkur 4

Snjómokstur byrjar við minna en 8 sm snjódýpt. Á meðan snjókoma stendur yfir má snjódýpt vera mest 18 sm. Við venjulegar aðstæður má mesta spordýpt í þjöppuðu snjófirborði ekki vera meiri en 5 sm.

Forgangsröðun gatna í Kópavogi

Forgangsröðun við mokstur og söltun gatna er skýrð á kortum sem Kópavogsbær hefur útbúið og aðgengileg eru á heimasíðu bæjarins; kopavogur.is. Farið er eftir litum á leiðum til að skýra þá þjónustu sem leitast er við að veita. Vegagerðin hefur umsjón með lituðum leiðum samkvæmt fyrrnefndum kortum. Forgangsléiðir eru mokaðar og saltaðar af verktaka á vegum Kópavogsbæjar og stýrt af Vegagerðinni.

1. Götur í fyrsta forgangi (rauð leið)

Þetta eru tengigötur, fjölfarnar safngötur og leiðir strætisvagna. Reynt er að tryggja að þessar leiðir séu ávallt færar og ganga þær fyrir öðrum götum. Salta skal göturnar meðan aðstæður leyfa (<-10°).

2. Götur í öðrum forgangi (gul leið)

Þetta eru minni safngötur, leiðir að skólum og varhugaverðar brekkur. Farið er í hreinsun á þessum götum eftir að tryggt er að götur með fyrsta forgang séu færar. Þegar aðstæður eru þannig að þörf er að taka bláar leiðir, má taka þær samhliða rauðum. Þetta má eingöngu gera ef hægt er að tryggja að rauðar leiðir standast tímaáætlun. Salta skal göturnar meðan aðstæður leyfa (<-10°).

3. Götur í þriðja forgangi (blá leið)

Þetta eru fjölfarnar íbúagötur, fjölfarnar verslunar- og iðnaðargötur og aðrar erfiðar íbúagötur þegar snjór eða hálsa myndast. Hreinsa þarf þessar götur þegar götur í fyrsta og öðrum forgangi eru færar/lokið. Meta þarf sérstaklega hvort salta eigi göturnar eða sanda.

4. Fjórði forgangur (ómerkt á korti)

Húsagötur, botngötur og minni götur eru eingöngu hreinsaðar þegar götur í fyrsta, öðrum og þriðja forgangi eru færar, þó stefnt sé að því að snjódýpt sé ekki meiri en 15 cm. Verkstjórar þjónustumiðstöðvar ákveða hvort þessar götur séuhreinsaðar og hvort eigi að salta eða sanda. Söltun þessara gatna er í undantekningartilvikum.

Bílastæði við stofnanir

Bílastæði við skóla, leikskóla og bæjarskrifstofur eru í forgangi og skulu þau vera hreinsuð fyrir kl. 08:00.

Óumflýjanlega mun snjór hlaðast upp framan við innkeyrslur við snjóruðning. Kópavogsbær hreinsar að öllu jöfnu ekki þennan snjóhlaðning.

Forgangsröðun stíga í Kópavogi

Við stýringu vetrarþjónustu á stígum skal helst miða við að unnið sé við mokstur stíganna í dagvinnu. Undantekningin er hjólreiðastígar (rauð leið) sem miðast við að vera ávallt færir hjólum á annatíma, sjá nánar hér að neðan. Aðalreglan hvað varðar útköll skal taka mið af öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Varast skal að mikil hálsa myndist á stígum eða að slæm færð valdi því að gangandi umferð sé á fjölförnum götum. Ef slíkar aðstæður skapast að nóttu til skal vinna við að ljúka mokstri forgangsléiða 1 og 2 fyrir kl.8:00. Sjá nánari útskýringar hér að neðan. **Almennt eru stígar ekki mokaðir á meðan að óveður stendur yfir.**



1. Fyrsti forgangur - Hjólreiðastígar (rauð leið)

Vegagerðin lætur vita ef líklegt er að ryðja/hálkuverja þurfi hjólreiðastíga (við stofnbrautir). Miða skal við að hjólreiðastígar séu færir milli kl. 07:30 og 19:00 á virkum dögum og milli kl. 09:00 og 18:00 um helgar. Á helgidögum er að öllu jöfnu ekki mokað. Við útköll skal miða við að vegfarendur sem eru á hjólum með grófum dekkjum geta hjólað stígana og má þá fara eftir **þjónustuflokki 2** hvað varðar snjódýpt. Hjólreiðastígar eru ekki saltaðar og meta þarf aðstæður sérstaklega hvort þörf sé á að sanda þá.

2. Annar forgangur – Gulir stígar

Þetta eru stígar sem eru aðalleiðir að skólum og fjölfarnar leiðir. Gæta skal að þessar leiðir séu færar gangandi vefarendum að öllu jöfnu fyrir kl. 8:00 alla virka morgna fyrir utan helgidaga. Undantekningar á þessari reglu er á meðan óveður stendur yfir og skal bíða þar til því lýkur. Leitast er við að moka þessa stíga í **dagvinnu** ef hægt er en gæta að því að börn á leið í skóla þurfi ekki að ganga á götu eins og nefnt er hér í inngangnum.

3. Þriðji forgangur – Bláir stígar

Þessa stíga á að öllu jöfnu að fara í að á dagvinnutíma eða eftir að búið er að tryggja að forgangsléiðir 1 og 2 séu færar. Undantekningar á þessari reglu skulu miðast við hvernig veðrið er búið að vera og hvernig það mun verða. Sem dæmi ef snjóstormi lýkur á laugardagsnóttu og spáð er sæmilegu veðri eða veðri sem getur valdið mikilli hálku þá skal moka þessa stíga við fyrsta tækifæri.

Aðrir stígar eru teknir samkvæmt fyrirmælum frá verkstjóra þjónustumiðstöðvar eftir að mokstur við forgang 1 - 3 er lokið.

Tröppur eru mokaðar af starfsmönnum Kópavogsbæjar á opnunartíma þjónustumiðstöðvar. Tröppur eru í sama forgangi eins og hér fyrir ofan, þ.e.a.s. tröppur sem eru á rauðri leið á að moka fyrst o.s.frv., en eingöngu í dagvinnu.

Helstu reiðstígar innanbæjar verða mokaðir eða sandaðir þegar aðstæður eru orðnar mjög slæmar.

Snjöhreinsun og handmokstur starfsmanna þjónustumiðstöðvar

Gæta þarf að því að gönguleiðir séu greiðfærar á gatnamótum, þar sem gangstéttar mætast og þar sem gönguleið er yfir götu. Einnig skal hreinsa vel frá strætóskýlum og biðstöðvum þannig að greiðfært sé að og frá þeim. Flokkstjórar skulu sjá um allan mokstur á tröppum í stígakerfi bæjarins skv. korti.

Verkstjóri á vakt metur hvort þurfi að sanda þegar gönguleiðar eru ruddar og skal sandmagn vera 50- 70 gr á m².

Tímar í töflu í þjónustuflokki 1 miðast fyrst og fremst við þann tíma sem strætó er að ganga.

Ef Strætó bs. eða lögregla biður um að salta vegna hálfu þá skal taka það til athugunar, án tillits til uppgjafins tíma í töflu eðasvæðis.

<u>Götur í fyrsta forgangi (rauð leið):</u>		Tengigötur, fjölfarnar safngötur og leiðir strætisvagna. Reynt er að tryggja að þessar leiðir séu ávallt færar og ganga þær fyrir öðrum götum. Salta skal göturnar meðan aðstæður leyfa.				
<u>Tímatafla</u>		Þjónustuflokkur				
Dagur vikunnar	Tími	1	2	3	4	Athugasemd
Mánudag til föstudags	00:00 - 07:00				X	Að lágmarki skal tryggja að neyðarbílar komist leiðar sinnar á þessum tíma.
Mánudag til föstudags	07:00- 22:00	X				Miða skal við að ástand gatna sé í samræmi við snjódýpt og hálfuástand í þessum þjónustuflokki fyrir kl. 07:00. Til að tryggja að götur séu færar fyrir þennan tíma þá á vinna að hefjast eigi síðar en kl. 03:30.
Mánudag til föstudags	22:00 - 00:00		X			Eða eftir þörfum Strætó bs. og lögreglu.
Laugardaga	00:00 - 08:00				X	Að lágmarki skal tryggja að neyðarbílar komist leiðar sinnar á þessum tíma.
Laugardaga	08:00 - 22:00	X				Miða skal við að ástand gatna sé í samræmi við snjódýpt og hálfuástand í þessum þjónustuflokki fyrir kl. 08:00.
Laugardaga	22:00 - 00:00		X			Eða eftir þörfum Strætó bs. og lögreglu.
Sunnudaga og helgidaga	00:00 - 08:00					Að lágmarki skal tryggja að neyðarbílar komist leiðar sinnar á þessum tíma.
Sunnudaga og helgidaga	09:30 - 22:00	X				Miða skal við að ástand gatna skal vera í samræmi við snjódýpt og hálfuástand í þessum þjónustuflokki fyrir kl. 09:30.
Sunnudaga og helgidaga	22:00 - 00:00		X			Eða eftir þörfum Strætó bs. og lögreglu.



Götur í öðrum forgangi (gul leið) : Minni safngötur ogleiðir að og frá skólum ásamt varhugaverðum brekkum. Farið er í hreinsum á þessum götum eftir að tryggt er að götur í fyrsta forgangi séu færar. Þegar aðstæður eru þannig að þörf er að taka bláar leiðir, má taka þær samhliða rauðum. Þetta má eingöngu gera ef hægt er að tryggja að rauðar leiðir standist tímaáætlun. Salta skal göturnar meðan aðstæður leyfa.






Tímatafla		Þjónustuflokkur				Athugasemd
Dagur vikunnar	Tími	1	2	3	4	
Mánudag til föstudags	22:00 – 07.30				X	Að lágmarki skal tryggja að neyðarbílar komist leiðar sinnar á þessum tíma.
Mánudag til föstudags	07:30 – 09:30	<u>X</u>				Miða skal við að ástand gatnasé í samræmi við snjódypt og hálfuástand í þessum þjónustuflokkum.
Mánudag til föstudags	09:30 – 15:30		X			Hér er miðað við að bláar leiðir séu í þjónustuflokki 1 þegar umferð er sem mest yfir daginn og þjónustuflokki 2 og 3 þess á milli.
Mánudag til föstudags	15:30 – 17:30	<u>X</u>				
Mánudag til föstudags	17:30 - 22:00			X		
Laugardaga	00:00 - 08:00					Að lágmarki skal tryggja að neyðarbílar komist leiðar sinnar á þessum tíma.
Laugardaga	08:00 - 18:00		X			
Laugardaga	18:00 - 00:00			X		
Sunnudaga og helgidaga	22:00 - 08:00					Að lágmarki skal tryggja að neyðarbílar komist leiðar sinnar á þessum tíma.
Sunnudaga og helgidaga	08:00 - 22:00			X		

Götur í þriðja forgang (blá leið). Fjölfarnar íbúagötur, fjölfarnar verslunar- og iðnaðargötur og aðrar erfiðar íbúagötur þegar snjór eða hálka myndast. Hreinsa skal þessar götur þegar götur í fyrsta og öðrum forgangi eru færar/lokið. Salta skal göturnar meðan aðstæður leyfa.

Tímatafla er til viðmiðunar. Ganga skal út frá að ástand gatna sé í samræmi við snjódypt og hálfuástand í þessum þjónustuflokki eftir að forgangsleiðir 1 og 2 eru búnar.		Þjónustuflokkur				Athugasemd
Dagur vikunnar	Tími	1	2	3	4	
Mánudag til sunnudags og helgidaga	22:00 - 08:00					Að lágmarki skal tryggja að neyðarbílar komist leiðar sinnar á þessum tíma.
Mánudag til sunnudags og helgidaga	08:00 - 22:00				X	



Þjónustuflokkar göngu- og hjólaleiðum

-  1. Forgangur - Tryggja skal að leið sé fært hjólum á grófum dekkjum 7:30 – 19:00 virka daga og 9:00 – 18:00 um helgar.
 -  2. Forgangur - Þessar leiðir skal gæta að séu færar gangandi vegfarendum fyrir klukkan 8:00 alla virka morgna fyrir utan helgidaga.
 -  3. Forgangur - Að öllu jöfnu unnið á dagvinnutíma eða eftir að búið er að tryggja að forgangsléiðir 1 & 2 séu færar
 -  4. Forgangur - Þessir stígar skal moka að loknu forgang 1-3 og þá helst eingöngu í dagvinnu.
 -  Tröppur
- Fyrir nánari upplýsingar sjá fylgiskjal „Reglur, þjónustuflokkar og forgangur við vetrarstýringu í Kópavogsbæ“**

Þjónustuflokkar á göngu- og hjólaleiðum

1. Forgangur - Miða skal við að leið sé fær hjólum á grófum dekkjum kl. 7:30-19:00 virka daga og kl. 9:00-18:00 um helgar.
2. forgangur – Gæta skal að því að þessar leiðir séu færar gangandi vegfarendum fyrir kl. 8:00 alla virka morgna utan helgidaga.
3. forgangur – Að öllu jöfnu unnið í dagvinnutíma eftir að forgangsléiðir 1 og 2 séu færar.

Aðrir stígar eru teknir samkvæmt fyrirmælum frá verkstjóra þjónustumiðstöðvar eftir að mokstur forgang 1 - 3 er lokið.

Nánari upplýsingar er að finna í fylgiskjalinu „Reglur, þjónustuflokkar og forgangur í vetrarþjónustu í Kópavogi“.